

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

21. janúar 2003

Tilvísun: 2002120018

Frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga, 427. mál

Með bréfi, dags. 10. desember 2002, óskar efnahags og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breyting á lögum um ársreikninga, 427. mál.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er með breytingartillögum fyrst og fremst verið að taka tillit til athugasemda frá Eftirlitsnefnd EFTA (ESA) varðandi innleiðingu 4. og 7. félagatilskipana ESB í íslenskan rétt. Fjármálaeftirlitið telur að breytingartillögur frumvarpsins séu almennt til bóta. Sérstaklega er ástæða til að nefna í því sambandi mun ítarlegri ákvæði um samstæðureikningsskil en eru í gildandi lögum. Fjármálaeftirlitið hefur ekki farið í smáatriðum yfir einstakar greinar frumvarpsins með hliðsjón af fyrrgreindum tilskipunum ESB og athugasemdum ESA en vill þó vekja athygli á eftirfarandi atriðum.

1. Með hliðsjón af ákvæðum 1. og 2. mgr. 7. félagatilskipunar ESB svo og samsvarandi ákvæðum dönsku ársreikningalaganna telur Fjármálaeftirlitið æskilegt að breyta orðalagi e. liðar 1. gr. frumvarpsins sbr. eftirfarandi:

e. Í stað 3. og 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Við útreikning á atkvæðamagni í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum skal:


- leggja saman atkvæðamagn móðurfélags og dótturfélaga þess í viðkomandi félagi,
- draga frá heildaratkvæðamagninu í viðkomandi félagi atkvæðamagn sem er í höndum þess sjálfs eða dótturfélaga þess, og
- draga frá heildaratkvæðamagninu í viðkomandi félagi atkvæðamagn sem er til tryggingar að því tilskyldu að þeim atkvæðisrétti sé aðeins beitt í samræmi við fyrirmæli þess sem setti trygginguna, eða umráðin séu tengd lánveitingu sem þáttur í eðlilegri viðskiptastarfsemi og atkvæðisréttinum sé aðeins beitt í þágu þess sem setti trygginguna.

2. Í 6. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 9. gr. gildandi laga og er breytingin í tilefni af athugasemdum ESA. Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að samkvæmt 5. mgr. 2. gr. 4. félagatilskipunar á ákvæði 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins eingöngu við í undantekningartilvikum. Lagt er til að í stað orðanna "skal vikið frá þeim" í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins komi "skal í undantekningartilvikum vikið frá þeim".

3. Í 12. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á orðalagi c. liðar 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. laganna. Vakin er athygli á að tilvitnað ákvæði er skylduákvæði sem stangast á við heimildarákvæði samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID



Páll Guðmar Pálsson



Ragnar Hafliðason